



KA / FRÉTTIR / FLOTTUR SIGUR KA/ÞÓR Á HK Í DAG

FLOTTUR SIGUR KA/ÞÓR Á HK Í DAG

30.01.2010 | Handbolti

KA/Þór vann fjögurra marka sigur á HK, 27:23, er liðin mættust í KA- heimilinu í dag í N1- deild kvenna í handbolta. Við byggjum hér á frásögn Vikudags frá leiknum.

Varnarleikurinn var í fyrirrúmi hjá báðum liðum í upphafi leiks og fyrsta markið kom ekki fyrr en eftir fimm mínútna leik og það gerðu heimamenn. Eftir frekar jafnan leik framan af fyrri hálfleik fór KA/Þór hægt og bítandi að síga framúr þegar leið á hálfleikinn og hafði fimm marka forystu í leikhlé, 14:9.

KA/Þór hélt uppteknum hætti í seinni hálfleik og náði mest níu marka forystu um miðjan hálfleikinn, 22:13, og allt leit út fyrir öruggan sigur heimamanna. HK neitaði hins vegar að gefast upp og náði að minnka muninn niður í þrjú mörk, 23:26, þegar þrjár mínútur lifðu leiks og hleyptu smá spennu í leikinn. Heimamenn héldu hins vegar dampi og innbyrtu fjögurra marka sigur að lokum.

Martha Hermansdóttir var markahæst með 7 mörk en Arna Valgerður Erlingsdóttir og Unnur Ómarsdóttir skoruðu 6 mörk hvor. Ásdís Sigurðardóttir skoraði 4, Inga Dís Sigurðardóttir 2 en þær Katrín Vilhjálmsdóttir og Kolbrún Einarsdóttir 1 mark hvor. Í marki KA/Þórs átti Selma Sigurðardóttir mjög góðan dag og varði 15 skot. Hjá HK var Líney Rut Guðmundsdóttir og Lilja Pálsdóttir markahæstar með 4 mörk hvor. Þá varði Ólöf Ragnarsdóttir 11 skot í marki HK.

KA/Þór hefur nú unnið tvo leiki í röð í deildinni og er komið með sjö stig í 7. sæti deildarinnar, en HK er með fimm stig í 8. sæti deildarinnar.



Martha var öflug í dag að vanda

TIL BAKA



- > UM KA
- > FRÉTTIR
- > KA HEIMILIÐ
- > STÓRAFMÆLI
- > MYNDIR
- > FYRIRSPURNIR
- > MINNINGARKORT
- > GERAST FÉLAGI Í KA
- > N1 MÓTIÐ
- > KA-VARP

KA Þjórkönnur
Fást í KA-heimilinu

1 stk á 2.000 kr
4 stk á 6.000 kr

Takmarkað magn í boði!

FÉLAGIÐ

- > K.A. heimilið
- > Starfsfólk
- > Um K.A.

FÓTBOLTI

- > Um Knattspyrnudeild
- > M.fl kk Leikmenn
- > Yngriflokkar

HANDBOLTI

- > Um Handknattleiksdeild
- > Myndir
- > Yngriflokkar

BLAK

- > Um Blakdeild
- > Yngri fl.
- > Æfingatafla

TENNIS OG BADMINTON

- > Um Tennis- og badmintondeild
- > Mót og flokkaskiptingar
- > Tenglar

